

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, kt. 560298-2349, í samningi þessum nefnt MSS, gera með sér svofelldan samning.

1. Markmið og verkefni

- 1.1. Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að styðja tímabundið við náms- og ráðgjafaurráði á Suðurnesjum vegna vaxandi atvinnuleysis á svæðinu. Markmið aðgerðanna eru að:
 - tryggja aðgengi að námi á öllum skólastigum og auðvelda íbúum þannig að byggja upp hæfni til framtíðar.
 - tryggja þátttöku barna og ungmenna í frístunda-, tómstunda- og íþróttastarfi yfir sumartímenn.
 - leggja sérstaka áherslu á hæfniþróun og íslenskunám útlendinga, sem eru skv. greiningu Vinnumálastofnunar, stór hluti atvinnuleitenda á svæðinu.
- 1.2. Verkefnin byggja á niðurstöðum aðgerðahóps sem stofnaður var í kjölfar fundar mennta- og menningarmálaráðherra með íbúum Suðurnesja í Reykjanesbæ 2. apríl 2019.
 - 1.2.1. Verkefni 1 er náms- og starfsráðgjöf.
 - Boðið verður upp á náms- og starfsráðgjöf, hópráðgjöf og raunfærnimat fyrir einstaklinga á Suðurnesjum.
 - Sérmarkmið verkefnis er að skjólstæðingar finni sér farveg í námi eða vinnu sem hann er sáttur við og minnki líkur á óvirkni á atvinnuleysistímabili.
 - Markhópur er almenningur á Suðurnesjum.
 - Um viðmið um fjölda og kostnað fer eftir úthlutunarreglum Fræðslusjóðs.
 - 1.2.2. Verkefni 2 er starfsþróun – styrking – handleiðsla.
 - Verkefnið felst í hópráðgjöf, fræðslu, handleiðslu og einstaklingsviðtölum.
 - Farið er yfir atvinnuleysi og afleiðingar þess, líðan, tækifæri á vinnumarkaði, markmið og væntingar, ferliskrárgerð og kynningarbréf.
 - Verkefnið er unnið í samstarfi við Vinnumálastofnun og aðra þjónustuveitendur á svæðinu.
 - Sérmarkmið verkefnis er að efla sjálfstraust og sjálfsþekkingu til að skapa sér ný atvinnutækifæri. Sérstök áhersla er lögð á erlenda atvinnuleitendur.
 - Miðað er við að haldin séu 3 námskeið á tímabili samningsins.
 - Lágmarkspátttaka í hverju námskeiði er 10 manns.
 - 1.2.3. Verkefni 3 er valdeflandi kvennasmiðja.
 - Smiðjan er hugsuð til að virkja kraft og hugmyndauðgi kvenna til sköpunar og valdeflingar.
 - Sérmarkmið verkefnis er að efla sjálfstraust og sjálfsþekkingu kvenna til að skapa sér ný tækifæri og/eða styrkja frumkvöðlahugsun.
 - Haldin verða 2 námskeið á tímabili samningsins.
 - Lágmarksfjöldi þátttakenda er 20 manns á hvoru námskeiði.
 - 1.2.4. Verkefni 4 er íslenskukennsla fyrir útlendinga.

- Haldin verða 60 stunda námskeið í íslensku fyrir útlendinga þar sem lögð er áhersla á að kenna tungumálið ásamt fræðslu um list, sjálfstyrkingu, menningu og samfélag.
- Um fjölda námskeiða og nemenda fer samkvæmt úthlutunarreglum mennta- og menningarmálaráðuneytis um styrki til íslenskukennslu útlendinga.

2. Forsendur sammings og lagaheimildir

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.2. Heildarframlag ráðuneytisins til sammings þessa er kr. 12.180.000,-. Ekki er gert ráð fyrir þátttökugjöldum í verkefnum fyrir utan íslenskukennslu fyrir útlendinga. Framlagið skiptist með eftirfarandi hætti eftir verkefnum: Verkefni 1 fær 2. mkr., verkefni 2 fær 3,3 mkr., verkefni 3 fær kr. 2.880.000,- og verkefni 4 fær 4 m.kr.
- 2.3. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna verkefnanna takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 2.4. MSS starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni.

3. Ábyrgð

- 3.1. MSS ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. MSS skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. MSS ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. MSS er óheimilt að:
 - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um sammingsveð nr. 75/1997.

4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Ráðuneytið greiðir framlag í tveimur hlutum, 70% er greitt við undirritun sammingsins og 30% þegar staðfesting liggur fyrir á að verkefnið hafði staðist skilyrði styrkveitingar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka MSS nr. 121-26-005602.
- 4.2. Eigi MSS í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þess, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd sammingsins.
- 5.2. Við lok verkefnanna skilar MSS ráðuneytinu samantekt á verkefnunum sem felur m.a. í sér lýsingu á hvernig markmiðum verkefnanna var náð, ásamt tölum um fjölda námskeiða, fjölda þátttakenda og kennitölum þeirra, heildarkostnaði, mati framkvæmdaraðila á árangri og hvert yfirfærslugildi verkefnanna geti verið.
- 5.3. MSS skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.4. MSS veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd sammingsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera

athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.


6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. MSS tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli MSS ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. júní 2019 til 31. ágúst 2019.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík 26. júní 2019



Mennta- og menningarmálaráðherra



F. h. Miðstöðvar símenntunar á
Suðurnesjum